

Fundargerð

Fundur foreldraráðs á leikskólanum Núpi 1. Mars 2016.

Mættir: Svana Kristinsdóttir, Eva Pálsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Brynja Dögg Hermannsdóttir og Ingunn Högnadóttir.

Fjarverandi: Sara Theodórsdóttir og Guðbjörg Þorsteinsdóttir.

Á dagskrá voru ýmis málefni leikskólans.

Byrjað var að ræða starfsmannamál leikskólans en staðan á þeim er góð og fullmannað í sumar og næsta vetur ef ástandið helst óbreytt.

Hugmyndir um bókaorm og önnur verkefni til að hvetja foreldra til að lesa fyrir/með börnum sínum ræddar.

Rætt var um notkun hjálma á hjólunum á leikskólalóðinni. Skiptar skoðanir eru um það hvort eigi að nota hjálma eða sleppa hjólunum. Leikskólastarfsmenn eru sammála um að sleppa heldur hjólunum en að taka upp hjálmanotkun þar sem hjálmar geta valdið mikilli hættu ef börnin fara með þau í önnur leiktæki.

Rætt um kosti og galla þess að bjóða upp á morgunmat í leikskólanum. Um er að ræða umræðu sem skýtur mjög reglulega upp kollinum og eru einhverjir foreldrar ósáttir við að ekki sé boðið upp á morgunmat á Núpi. Þeirri spurningu var velt upp hvort ekki borgaði sig að taka saman rök með og á móti því að bjóða upp á morgunmat og kynna fyrir foreldrum og hafa jafnvel aðgengileg á heimasíðunni.

Í lokin var rætt lítillega um hljóðvistarmál. Nokkrar endurbætur voru unnar í leikskólanum sl. sumar m.t.t. bættrar hljóðvistar en síðan þá hefur ekkert verið gert. Mikill áhugi er fyrir frekari úrbótum og var ákveðið að senda Gunnari sem er yfir fasteignadeild Kópavogsbæjar tölvupóst þess efnis.

Fundi slitið kl. 17:00

Fyrir hönd foreldraráðs,

Ingunn Högnadóttir